



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Verkefnisstjórn um landsáætlun í skógrækt
b/t umhverfis- og auðlindaráðuneytis

Reykjavík 8. janúar 2019

1912027SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um lýsingu fyrir gerð landsáætlunar í skógrækt (Mál nr. 310/2019)

Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur yfirfarið lýsingu fyrir gerð landsáætlunar í skógrækt, sem birt var í samráðsgátt 18. desember sl. Sambandið á fulltrúa í verkefnisstjórn um verkefnið og hefur þar tækifæri til aðkomu að málinu.

Fyrir hönd sambandsins þykir einungis tilefni til örfárra ábendinga við lýsinguna, sem er vel unnin og skýr varðandi inntak verkefnisins.

Skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd

Í skjalinu er vísað til markmiðsákvæðis 1. gr. skógræktarlaga og jafnframt er vísað til vinnu við landsskipulagsstefnu. Jafnframt er vísað til leiðbeiningarrits Skipulagsstofnunar frá árinu 2017, [Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga](#).

Augljóst er að mikill ávinningur er af því að huga vel að samlegð við uppfærslu á landsskipulagsstefnu við gerð landsáætlunar í skógrækt og er jákvætt að verkefnisstjórn virðist meðvituð um þá vinnu sem fram fer á vegum Skipulagsstofnunar.

Eldvarnir og öryggismál

Töluverð umræða hefur verið undanfarin ár um skýra stefnu og fræðslu um eldvarnir og öryggismál tengt vaxandi skógrækt hér á landi. Að þessu viðfangsefni er aðeins vikið á einum stað í lýsingunni, sem er í upptalningu á bls. 2. Að áliti sambandsins þarf að gefa viðfangsefninu umtalsvert vægi í vinnunni framundan.

Sambandið beinir því til verkefnisstjórnar hvort mögulegt væri að standa fyrir málþingi um þetta viðfangsefni á vinnslutíma áætlunarinnar, í samstarfi við lykilaðila, ásamt því að leggja til markvissar aðgerðir í þessum efnum. Líklega vantar t.d. leiðbeiningar og verklagsreglur um eldvarnir og mætti mögulega horfa til þess að þýða erlent efni.

Vinnuferlið

Á bls. 6 kemur fram að lokadrög að stefnu verði unnin í ágúst og september á næsta ári. Mjög skammur tími er því ætlaður til verkefnisins. Gera þarf ráð fyrir samráði, m.a. við sveitarfélög og er það mat sambandsins að æskilegt væri að hafa tímarammann rýmri svo hægt verði að vanda til samráðsferlis.

Sambandið væntir þess að allmörg sveitarfélög hafi hug á að koma að samráðsferli og þarf að gera ráð fyrir því í upptalningu á bls. 8, þ.e. ekki eingöngu verði samráð við Samband Íslenskra sveitarfélaga.

Umhverfismat áætlana

Sambandið væntir þess að vandað verði til verka við umhverfismat áætlana og að horft verði sérstaklega til þess að áætlanir um skógrækt hafi landslagsvernd að leiðarljósi.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri